

Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík 2. nóvember 2017  
VEL2016020008  
RÁ/gs

***Svar við fyrirspurn óháðs borgarfulltrúa, Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, þann 17.10.2017, varðandi úthlutun af biðlistum eftir félagslegu húsnæði 2015-2017 - R17100381***

**Fyrirspurn:**

„Nú er Reykjavíkurborg annaðhvort að kaupa sjálf fasteignir eða leigja á frjálsum markaði til að minnka biðlista eftir félagslegu húsnæði, en sá listi hefur aldrei verið eins langur. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum hversu lengi þeir aðilar sem fengið hafa úthlutaðri íbúð/húsnæðisúrræði á þessu ári, árunum 2016 og 2015, hafa verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Reykjavíkurborg. Þá óskast jafnframt að lagðar séu fram upplýsingar um hvort um sé að ræða einstaklinga eða fjölskyldur.“

**Svar:**

Upplýsingarnar hér á eftir miðast við úthlutanir félagslegra leiguíbúða árin 2015 og 2016 og mánuðina janúar - september árið 2017. Tafla 1. sýnir fjölda umsækjenda sem fékk úthlutað félagslegri leiguíbúð sundurliðað eftir fjölskyldugerð og úthlutunarári. Í töflu 2 sést hver er meðalbiðtími eftir úthlutun einnig sundurliðað eftir fjölskyldugerð og úthlutunarári. Tafla 3. sýnir fjölda úthlutana sundurliðað eftir biðtíma í árum talið, úthlutunarári og hvort um er að ræða barnlaust fólk eða barnafólk.

*Tafla 1. Úthlutanir félagslegra leiguíbúða árin 2015, 2016 og jan. - sept. 2017.  
Fjöldi umsækjenda sem fékk úthlutað sundurliðað eftir fjölskyldugerð.*


| Fjölskyldugerð             | Árið       | Árið       | Jan.-sept. |
|----------------------------|------------|------------|------------|
|                            | 2015       | 2016       | 2017       |
| Einhleypur karl            | 39         | 64         | 39         |
| Einhleyp kona              | 26         | 32         | 25         |
| Einstæður faðir            | 3          | 5          | 1          |
| Einstæð móðir              | 43         | 56         | 36         |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 1          |            |            |
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 14         | 8          | 2          |
| <b>Samtals</b>             | <b>126</b> | <b>165</b> | <b>103</b> |

*Tafla 2. Úthlutanir félagslegra leiguíbúða árin 2015, 2016 og jan. - sept. 2017.  
Meðalbiðtími í mánuðum sundurliðað eftir fjölskyldugerð.*

| Fjölskyldugerð             | Árið      | Árið      | Jan.-sept. |
|----------------------------|-----------|-----------|------------|
|                            | 2015      | 2016      | 2017       |
| Einhleypur karl            | 46        | 40        | 39         |
| Einhleyp kona              | 50        | 42        | 32         |
| Einstæður faðir            | 20        | 40        | 13         |
| Einstæð móðir              | 31        | 31        | 37         |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 6         |           |            |
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 20        | 18        | 30         |
| <b>Samtals</b>             | <b>38</b> | <b>36</b> | <b>36</b>  |

*Tafla 3. Úthlutanir félagslegra leiguíbúða árin 2015, 2016 og jan. - sept. 2017.  
Fjöldi úthlutana, sundurliðað eftir biðtíma talið í árum og hvort um er að ræða barnlausa einstaklinga  
eða barnafólk.*

| Biðtími eftir úthlutun | Árið 2015 |           | Árið 2016 |           | Jan. - sept. 2017 |           |
|------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-------------------|-----------|
|                        | Barnlaus  | Með börn  | Barnlaus  | Með börn  | Barnlaus          | Með börn  |
| Minna en 1 ár          | 12        | 15        | 14        | 18        | 10                | 11        |
| 1-<2 ár                | 9         | 18        | 19        | 14        | 16                | 5         |
| 2-<3 ár                | 12        | 8         | 17        | 16        | 12                | 9         |
| 3-<4 ár                | 6         | 7         | 18        | 7         | 10                | 5         |
| 4-<5 ár                | 8         | 5         | 8         | 8         | 7                 | 4         |
| 5 ár eða meira         | 19        | 7         | 20        | 6         | 9                 | 5         |
| <b>Samtals</b>         | <b>66</b> | <b>60</b> | <b>96</b> | <b>69</b> | <b>64</b>         | <b>39</b> |

Virðingarfyllst,  
  
 Régina Ásvaldsdóttir  
 Sviðsstjóri